

Ár 2003, mánudaginn 10. nóvember, kl. 12. er haldið dómþing í Dómstól ÍSÍ, háð af Halldóri Frímanssyni. Tekið var fyrir mál nr. 4/2003.

**Aron Árnason  
Grétar Finnbogason  
Vífill Harðarson og  
Sigurður Vilhjálmsson**

**gegn**

**Sigurði Ragnarssyni, keppnisstjóra**

og kveðinn upp svofelldur

dómur:

**Kröfur kæranda:**

Kærandi gerir þær kröfur að úrslit í Lokamóti Íslandsbikarmóts í siglingum kjölbáta, sem haldið var þann 27. september sl. af Siglingafélaginu Ými, Kópavogi, verði leiðrétt á þá leið að báti kæranda, Ísold, ISL 2343, verði skipað í annað sæti í keppninni í samræmi við þann tíma sem hún kom í mark á.

**Kröfur kærða:**

Hinn kærði gerir þær kröfur í kærumáli þessu að úrslitin í Lokamóti Íslandsbikarmóts í siglingum kjölbáta, sem haldið var þann 27. september 2003 af Siglingafélaginu Ými, Kópavogi standi óbreytt.

**Málavextir:**

Kærendur tóku þátt í kappsiglingakeppni ásamt sjö öðrum bátum, sem var sú síðasta á árinu sem gilti til stiga í keppni um Íslandsbikarinn í siglingum kjölbáta. Keppnin var haldinn laugardaginn 27. september 2003, af siglingafélaginu Ými í Kópavogi og var kærði keppnisstjóri í keppninni.

Siglt var frá ytri höfninni í Reykjavík og yfir í Fossvog. Kappsiglingafyrirmæli voru kynnt á skipstjórafundum fyrir keppni. Leiðin var teiknuð upp á sjókort staðnum og skýrð út munnlega. Rásmark var út af listaverkinu Sólfar við Sæbraut í Reykjavík, þaðan að Akureyjarbauju á bakborða, þaðan að Kerlingaskersbauju á bakborða, þaðan að Lambastaðabauju á bakborða og þaðan í átt að Hólmaskersbauju sem sigla mátti hvorum megin við og í endamark við félagsheimili Ýmis í Kópavogi.

Áhöfn Svölu kærði bát kæranda Ísold fyrir að hafa ekki siglt fyrir Lambastaðabauju.

Kærendur upplýstu að það væri rétt að þeir hefði ekki siglt fyrir baujuna.

Keppnisstjóri dæmdi kærendur úr leik fyrir að hafa ekki lokið keppni áður en úrslit voru tilkynnt og verðlaunaafhending fór fram. Kærendur undu ekki niðurstöðunni og kærðu úrslitin sem keppnisstjóri tók ekki til greina.

**Málsástæður og lagarök kæranda eru m.a.:**

Byggja aðallega á því að keppnisstjórn hafi ekki verið heimilt að úrskurða að Ísold hafi ekki lokið keppni. Í kæru segir: “Þetta styðja kærendur við grein 63.1 í Alþjóða-

kappsiglingareglunum, þar sem fram kemur að ekki skuli refsá bát án vitnaleiðslna nema hann hafi brotið gegn ákvæðum í greinum 30.2, 30.3, 67, A5 og N2”.

Einnig halda kærendur því fram að ekki hafi komið fram kæra innan kærufrests, hvorki frá keppendum né keppnisstjórn. Í kæru segir: “Vakin er athygli á því að skv. grein 60.2 í alþjóðakappsiglingareglunum er gert ráð fyrir því keppnisstjórn kæri bát telji hún að hann hafi brotið gegn reglunum. Af grein 63.1 megi ráða að heimildin til að refsa bát án vitnaleiðslna sé undantekningarregla og hana ber samkvæmt því að skýra þröngt.”

Jafnframt byggja kærendur á því að keppnisfyrirmæli hafi verið óskýr og benda í því sambandi á 25. gr. alþjóðakappsiglingareglanna.

“Kærandi byggir kæru sína á alþjóðakappsiglingareglunum einkum á grein 61.2 a) um að bátur geti krafist leiðréttingar hafi lokastaða hans í keppnisröð verið verulega skert að ósekju vegna óréttmætra aðgerða keppnisstjórnar og grein 63.1 í sömu reglum, þess efnis að ekki skuli refsá bát án vitnaleiðslna, nema í þar til greindum tilvikum”.

### **Málsástæður og lagarök kærða eru m.a.:**

Kærði byggir á 28. gr. alþjóðakappsiglingareglanna um siglingu brautar. “Bátur skal *hefja keppni*, fara fyrir sérhvert merki á tilskilið borð og í réttri röð og *ljúka keppni* þannig að strengur, sem táknaði kjölfar hans frá því að hann *hóf keppni* og þar til hann *lauk keppni*, mundi við strekkingu liggja tilskildu megin við hvert *merki* og snerta öll *merki* sem fara átti fyrir. Eftir að hafa lokið keppni þarf bátur ekki að fara að fullu yfir marklínuna. Bát er heimilt að leiðrétta mistök sín til að hlíta þessari reglu, enda hafi hann ekki þegar *lokið keppni*.”

Þá vísar kærði til greinar A5 í alþjóðakappsiglingareglunum sem ekki eru til í íslensku þýðingu. **“A5 SCORES DETERMINED BY THE RACE COMMITTEE.** A boat that did not start, comply with rule 30.2 or 30.3, or finish, or that takes a penalty under rule 44.3 or retires after finishing, shall be scored accordingly by the race committee without a hearing. Only the protest committee may take other scoring actions that worsen a boat’s score”.

Kærði byggir á því kærendur hafi ekki fylgt keppnisfyrirmælum um að sigla þá leið sem átti að sigla, þeir hafi á meðan keppni stóð enn yfir ekki leiðrétt og bætt fyrir mistök sín. Þeir hafi brotið gegn 28.1 grein alþjóðakappsiglingareglanna. Því hafi keppnisstjóra verið skylt skv. grein A5 að dæma keppendum úr leik án vitnaleiðslna áður en niðurstaða var tilkynnt og verðlaunaafhending fór fram.

Varðandi kærana segir kærði: “Fyrir liggur skrifleg kæra frá áhöfninni á Svölu sem kærir áhöfnina á Ísold fyrir að fara ekki fyrir Lambastaðaskersbauju í lokakeppni kjölbáta sem fram fór 27. september 2003. Þegar áhöfn Svölu kom í land að lokinni keppni sögðu fulltrúar hennar keppnisstjóra frá því að Ísold hefði ekki farið fyrir Lambastaðaskersbaujuna. Í framhaldi af því ræddi hinn kærði, keppnisstjóri, við fulltrúa áhafnar Ísoldar sem viðurkenndu þá að þeir hefðu sleppt að sigla fyrir Lambastaðaskersbaujuna. Staðreyndir málsins lágu því ljósar fyrir, áður en hin kærða ákvörðun var tekin”.

Varðandi keppnisfyrirmælin segir kærði: “Ekki verður því í móti mælt að það sé til fyrirmyndar að afhenda hverjum keppnisbáti skrifleg keppnisfyrirmæli ásamt sjókort

þar sem keppnisleiðir hafi skilmerkilega verið teiknaðar inn á og þess gætt með viðræðum við hvern keppanda að hann skilji fyrirmælin rétt og þar með reynt sem kostur er að fyrirbyggja miskilning og mistúlkun eftir á.

Það mun hins vegar vera löng hefð fyrir því innan aðildarfélaga siglingasambandsins að hafa þann hátt á sem gert var í þessari Lokakeppni kjölbáta að kynna keppnisleiðina með því að teikna hana upp á sjókort og ræða síðan um hana við þátttakendur þannig að gagnkvæmur skilningur á viðkomandi reglum skapist milli keppenda og keppnisstjórnar.

Þá ber í þessu sambandi að vekja aftur athygli á því að kærendur eru eina áhöfnin af átta áhöfnum sem þátt tóku í keppni þeirri, sem hér um ræðir, er töldu leika vafa á því hver siglingaleið keppinnar skyldi vera eftir þeirri kynningu á henni sem fram fór á skipstjórafundinum er haldinn var áður en keppnin hófst. Þá gerðu kærendur enga gangskör á nefndum skipstjórafundu í því að kanna það hvort þeirra skilningur á keppnisleiðinni, þ.e. að þeir þyrftu ekki að sigla fyrir Lambastaðaskersbauju, væri réttur”. .....

Eftirtaldir aðilar og vitni komu fyrir dóminn:

Kærði Sigurður Ragnarsson, keppnisstjóri að kröfu kæranda og kærendur Grétar Finnbogason og Aron Árnason. Vitnin Garðar Jóhannsson, úr áhöfn Svölu, Ólafur B. Bjarnasson, úr áhöfn Sifjar, og Baldvin Björgvinsson, úr áhöfn Bestu.

Í skýrslu kærða kom m.a. fram. Kærandi spyr út í athugasemd sem kom frá einum keppanda á skipstjórafundu fyrir keppni svohljóðandi: “En þetta leiðir okkur yfir sker?”. Kærði svarar orðrét: “Bauja sem er merkt Hólma... – Ólafur á Sif spurði hvort að þyrfti að fara suður fyrir baujuna en ég sagði að ekki skipti máli hvoru megin hann færi við baujuna. Ólafur talaði um að ef hann færi norðan megin við baujuna þá færi hann í sker. Baujan þarna sett til að vara við skeri en mönnum var í sjálfs vald sett hvoru megin við baujuna menn færu.” Aðspurður um tilurð kæru segir kærði að það hafi komið fram munnleg kæra. Síðan hafi komið fram skrifleg kæra sem ekki var tekin til meðferðar. Aðspurður um hvers vegna hún hafi ekki verið tekin fyrir með vísun til greinar 63.1 í alþjóðakappsiglingareglunum segir kærði orðrét: “Ef bátur fer ekki eftir fyrirfram ákveðnum línunum í siglingu þá fellur kæruréttur bátsins niður.” Aðspurður hvers vegna ekki hafi verið skipuð kærunefnd svarar kærði orðrét: “63.1 og svo A5, 28.1. Það var ekki ágreiningur um málið – keppnisstjórn taldi sig hafa vald til að úrskurða í málinu skv. greinum. Því var ekki kölluð saman kærunefnd.”

Í skýrslu Grétars Finnbogasonar fyrir dómi kom m.a. fram: Kveðst hafa verið á skipstjórafundu fyrir keppnina. Taldi Lambastaðabauju ekki hafa verið merki í brautinni.

Í skýrslu Arons Árnasonar fyrir dómi kom m.a. fram: Kveðst hafa skilið keppnisfyrirmæli svo að Lambastaðabauja væri ekki merki í brautinni.

Hjá vitninu Garðari Jóhannssyni, kt. 170356-3359 kom m.a. fram: Taldi keppnisfyrirmæli ekki hafa verið óskýr. Það hafi þurft að leggja á minnið. Kveðst hafa tekið þátt á nánast öllum mótum frá 1988 og keppnisfyrirmæli hafi sjaldnast verið skrifleg.

Hjá vitninu Ólafi B. Björnssyni, kt. 060159-5059 kom m.a. fram: Sagði fyrirkomulag keppnisfyrirmæla mismunandi, teiknuð á töflu eða sjókort, stundum einnig munnleg fyrirmæli, kannski í flestum tilvikum. Segir keppnisfyrirmæli í lokamóti hafa verið með hefðbundnum hætti, kynnt á töflu og skipstjórum skýrt hvaða

leið ætti að sigla. Taldar upp baujur og leiðin merkt á kort. Telur það hafa komið greinilega fram að sigla hafi átt fyrir Lambastaðabauju á bak.

Í vitnaskýrslu Baldvins Björgvinssonar, kt. 111167-4949 kom m.a. fram: Segir keppnisfyrirmælum háttað með misjöfnu móti, skrifleg og munnleg í um helmingi tilvika. Aðspurður um hvort hann telji að keppnisfyrirmæli í lokamóti hafi verið óskýr, svarar hann með þessum hætti: “Það er svo margt sem getur komið fram – dálítið erfitt að svara því en varðandi leiðina þá telur hann það hafi ekki verið óskýrt. Hann spurði bara vel sjálfur um leiðina svo hann hefði það á hreinu.”

### **Álit dómsins:**

Kærendir tóku þátt í siglingakeppni þar sem sigla átti frá ytri höfninni í Reykjavík til Kópavogs. Af gögnum málsins verður ráðið að siglingaleiðin var frá rásmarki út af listaverkinu Sólfar við Sæbraut, þaðan að Akureyjarbauju á bakborða, þaðan að Kerlingaskersbauju á bakborða, þaðan að Lambastaðabauju á bakborða og þaðan í átt að Hólmaskersbauju sem sigla mátti hvorum megin við og í endamark við félagsheimili Ýmis í Kópavogi. Dómurinn lítur svo á að þetta hafi verið kappsiglingaleiðin. Kærendur misskildu keppnisfyrirmælin og sigldu ekki fyrir Lambastaðabauju. Þrjú vitni úr áhöfn þriggja báta sem þátt tóku í keppninni hafa borið fyrir dómi að kappsiglingaleiðin hafi ekki verið óskýr. Keppnisfyrirmælin voru í samræmi við þær venjur sem skapast hafa í þessari íþróttagrein. Fram kom kæra frá bát sem jafnframt tók þátt í keppninni og gengust kærendur við brotinu á staðnum og dæmdi keppnisstjóri kærendur úr leik fyrir að hafa ekki lokið keppni.

Í 5. kafla regna um alþjóðakappsiglingar er kveðið á um rétt báts til að kæra og krefjast leiðréttingar. Skv. 60.1 a) má bátur kæra annan bát fyrir brot. Áhöfn Svölu kærði Ísold fyrir að hafa ekki farið að keppnisfyrirmælum. Óumdeild er í málinu að áhöfn Ísoldar viðurkenndi að hafa ekki siglt fyrir Lambastaðabauju. Skv. grein A5 í alþjóðakappsiglingareglunum er keppnisstjóra skylt að dæma bát út keppni fyrir að hafa ekki lokið keppni. Þetta gerði keppnisstjóri á staðnum og áður en úrslit voru tilkynnt og verðlaunaafhending fór fram. Kærendur misskildu keppnisfyrirmælin og verða að bera hallann af því. Með hliðsjón af þessu er ákvörðun keppnisstjóra um að dæma Ísold úr keppni hér með staðfest og skulu úrslit mótsins standa óbreytt.

### **Dómsorð:**

Úrslit í Lokamóti Íslandsbikarmóts í siglingum kjölbáta, sem haldið var þann 27. september 2003 af Siglingafélaginu Ými í Kópavogi, skulu standa óbreytt.

Halldór Frímansson dómari.  
sign.

Fleira ekki gert.  
Dómþingi slitið kl. 12.30.

Heimilt er að skjóta til áfrýjunardómstóls ÍSÍ, dómum og úrskurðum dómstóls ÍSÍ. Frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls skal vera ein vika frá því að aðila máls var fyrst kunnugt um niðurstöðu málsins, en þó eigi síðar er 4 vikum eftir að dómur undirréttar var upp kveðinn. Sá sem hyggst áfrýja máli skal senda áfrýjunardómstólnum sérstaka greinargerð þar sem lýst er þeim sjónarmiðum sem áfrýjandi byggir á ástamt gögnum málsins.

